

Eystrahorn

12. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 24.mars 2022

www.eystrahorn.is

Hve örstutt spor

Síðastliðið sunnudagskvöld fór ég í leikhús í Mánagarð og sá 60 ára afmælisýningu Leikfélags Hornafjarðar í samstarfi við Lista –og menningar svið FAS. Nokkuð langt er síðan leikið hefur verið hér. Ástæðan fyrir því er innrás veirunnar skæðu Covid sem hélt heiminum í greipum sínum fram í mars. Fari hún fjand.... til. Eftir að hafa fengið miðann afhentan og stansað við í forsalnum var hleypt inn. Aðkoman var nokkuð sérstök, gengið beint á aðalsviðið og leitaði ég eftir góðu sæti. Aðeins gluggað í leikskrána sem var vönduð og innihélt nokkur ávörp frá aðstandendum sýningarinnar ofl. auk upplýsingar um leikstjóra, leikendur, og aðra sem að sýningunni komu. Var búinn að heyrna í nokkrum sem höfðu séð sýninguna og voru mjög ánægðir. Sýningin er byggð á leikriti nóbelskaldsins Halldóri K. Laxness „Silfurtunglinu“. Nú voru ljósín slökkt og sýningin rann af stað. Byrjaði með laginu - Við gengum tvö –lag: Friðrik Jónsson, sem sungið var af Dagmari Lilju Óskarsdóttur við undirleik Heiðars Sigurðssonar tónlistarstjóra sýningarinnar. Var flutningurinn sendur út í gegnum stóran sjónvarpsskjá upp á vegg í leikmyndinni sem var sérlega skemmtilega útfærð, einföld og stílhrein. Þetta byrjaði sannarlega vel. Áfram hélt sýningin og inn á sviðið birtust leikendur hver af öðrum eftir því sem hlutverkin kölluð á. Álit mitt á sýningunni er að þarna var valin manneskja í hverju hlutverki frá pabba Lóu sem var með frumburð sinn í vöggu og söng fyrir hann lagið þekktu - Hve örstutt sporlag Jóns Nordal og til umboðsmannsins og tónleikarahaldarans Feilan Ó Feilan sem



Mánagarður

reyndi allt hvað hann gat að gera Lóu að heimsfrægri söngkonu. Selma Yr Ívarsdóttir lék rapparann DJ Samson og fannst samt vera kominn tíma á sig og rapaði lagið - Mér finnst kominn tími á mig - smellið lag eftir Heiðar Sigurðsson. Unga kynslóðin var í flestum hlutverkum nema Kristjón Elvarsson (Jonni) sem lék pabbann af mikilli næmni sem og aðrir leikarar. Burðarhlutverkin voru hjá Tómasi Nóa Haukssyni sem lék Feilan Ó Feilan, Amylee Tridade og Dagmari Lilju Óskarsdóttur í hlutverki Ísu. Söngur, leikur, lýsing, hljóð og tónlistarstjórn var allt vel og fagmannlega af hendi leyst. Hef sjaldan notið hljóðs í leikhúsi svo vel. Leikstjórinn Stefán Sturla Sigurjónsson hefur skilað okkur afbragðs afmælisýningu og í grein sinni í leikskrá hnykkir hann á að Mánagarður var og er hugsaður sem leikhús Hornafjarðar. Kærar þakkir öll sem að sýningunni stóðu. Frábær. Óska Leikfélagi Hornafjarðar til hamingju með afmælið og bjartri framtíð.

Haukur Helgi Þorvaldsson



Leikýningin Hvert örstutt spor hefur fengið góðar viðtökur hjá Hornfirðingum

Nýr forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands

Stjórn Náttúrustofu Suðausturlands hefur ráðið Lilju Jóhannesdóttur í starf forstöðumanns Náttúrustofu Suðausturlands frá og með 1. apríl n.k. Lilja er með doktorspróf í líffræði frá Háskóla Íslands og með M.Sc. og B.Sc. gráðu í náttúru- og umhverfisfræði frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Hún hefur starfað hjá stofunni s.l. 4 ár, en var áður hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurlandi. Störf hennar hjá Náttúrustofu Suðausturlands hafa mestmegnis tengst vistfræði- og fuglarannsóknunum en hún hefur einnig komið að öðrum fjölbreyttum störfum og lagt metnað sinn í að kynna rannsóknir og viðfangsefni stofunnar á opinberum vettvangi. Lilja þekkir vel til starfsemi Náttúrustofunnar og hefur viðtæka reynslu af náttúrufræðirannsóknunum og styrkumsóknunum. Framtíðarsýn Lilju rímar vel við þá framtíðarsýn sem stjórnin hefur varðandi rekstur Náttúrustofunnar og treystir henni fyrir því að leiða þá vinnu.



Lilja Jóhannesdóttir. Mynd: Kristín Hermannsdóttir 10. september 2021.

Nálgast má blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



HAFNARKIRKJA
Sunnudaginn 27. mars
Sunnudagaskóli kl. 11:00
Við munum syngja, hlusta

á sögu, lita og hafa gaman
Djús og kex eftir stundina.
Allir velkomnir.

AÐALSAFNAÐARFUNDUR

Aðalsafnaðarfundur Hafnarsóknar og
stjórnar Kirkjugarðanna í Hafnarsókn
verður haldinn
fimmtudaginn 7. apríl kl. 17:30
í Safnaðarheimilinu.

Venjuleg aðalfundarstörf

Sóknarnefnd Hafnarsóknar

Aðalfundur

Búnaðarsambands A-Skaft
28. mars kl. 13:00 í Holti á Mýrum.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur settur og skipaður fundarstjóri og fundarritari
2. Skýrsla formanns
3. Reikningar sambandsins
4. Umræða um skýrslu formanns og reikninga
5. Afgreiðsla reikninga og afgreiðsla kjörbréfanefndar
6. Nefndarskipan
7. Kaffihlé
8. Nefndarstörf
9. Nefndarálit
10. Kosningar
11. Önnur mál
12. Fundarslit

Hvetjum alla til að mæta.

Stjórnin

Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



AÐALFUNDUR Félags eldri
Hornfirðinga verður í Ekru
30. mars kl 17.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Gestur fundarins: **Helgi Pétursson**
formaður Landsambands eldri
borgara.

Léttar veitingar í lokin.



Bifreiðaskoðun á Höfn
4., 5. og 6. apríl.

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 1. apríl .

Næst skoðað 16., 17. og 18. maí.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga



Jógaganga um aura Jökulsár í Lóni og Hvannagil
í Stafafellsfjöllum **laugardaginn 26. mars.**

Gengið verður um litríka aura Jökulsár og farið inn í
Hvannagil, hversu langt fer eftir vatnsmagni árinna.
Hulda Laxdal Hauksdóttir leiðir gönguna sem verður
með jógaívaði og því gerðar léttar æfingar af og til meðan
á göngu stendur. Við lok göngu verður farið upp að
sumarbústaðnum Hlíðarkoti þar sem boðið verður upp á
heitt kakó.

Lagt verður af stað frá tjaldstæðinu kl. 10:00, einnig
er hægt að mæta við upphafsstað göngu, við mynni
Hvannagils kl. 10:40.

Gengið er á sléttlendi og er erfiðleikastuðullinn metinn
sem einn skór. Allir eru velkomnir í göngur ferðafélagsins,
ef hundar eru með í för eru þeir á ábyrgð eiganda og
taumur skal vera meðferðis.

Hugið að veðurspá, klæðið ykkur eftir veðri og munið eftir
nestinu.

Þátttökugjald í göngur ferðafélagsins er kr. 1.000 fyrir
einstaklinga, kr. 1.500 fyrir hjón og frítt er fyrir 16 ára og
yngri.

Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á
eystrahorn@eystrahorn.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur..... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns?
Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Breytingar í úrgangsmálum í vændum

Þann 1. janúar 2023 taka gildi lagabreytingar til innleiðingar hringrásarhagkerfisins og munu þær hafa töluverð áhrif á úrgangsmál um land allt. Innleiðing slíkra breytinga krefst samstarfs og samtals, ekki aðeins meðal sveitarfélaga eða stofnana, heldur einnig meðal íbúa og atvinnulífsins. Þó ekki sé einsýnt með hvaða hætti þær verði útfærðar er engu að síður mikilvægt að íbúar í Sveitarfélaginu Hornafirði séu vel upplýstir. Það er skammur tími til stefnu en í dag, fimmtudaginn 24. mars, eru aðeins 283 dagar þar til lagabreytingarnar taka gildi.

Hringrásarhagkerfið verður að veruleika

Sú hugarfarsbreyting hefur orðið á undanföllum árum að líta á rusl sem hráefni í stað úrgangs sem ber að endurnýta og koma í hringrás. Markmið hringrásarhagkerfisins er að mynda lokað efnahagslegt kerfi þar sem hráefni fer í endurvinnslu og sem minnst skili sér til endanlegrar förgunar með urðun eða brennslu.

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki þegar kemur að úrgangsmálum og þurfa þau nú þegar að hefja undirbúning þar sem lagabreytingarnar munu meðal annars hafa áhrif á:

- Hirðu úrgangs.
- Skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang.
- Staðsetningu og merkingu íláta.
- Innheimtu gjalda af einstaklingum og lögaðilum fyrir meðhöndlun úrgangs.

Að auki mun framleiðendaábyrgð ná yfir fleiri úrgangsflokka og standa undir auknum hluta kostnaðar sem sveitarfélög standa undir í dag en Úrvinnslusjóður vinnur að þeirri útfærslu. Sveitarfélagið er að kanna hvaða áhrif þessar lagabreytingar munu hafa á núverandi sorpkerfi og tekur þátt í verkefni "Samtaka um hringrásarhagkerfi" sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett á fót með aðstoð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Verkefni er ætlað að renna styrkari stöðum undir innleiðingu hringrásarhagkerfisins héraendis og eru vonir bundnar við að það gagnist sveitarfélögum við að uppfylla þær kröfur



Samkvæmt nýju lögnum skal nota samræmdar merkingar fyrir a.m.k. ofangreindar úrgangstegundir.

sem lögin gera til þeirra.

Lögin munu meðal annars hafa áhrif á söfnun heimilisúrgangs og er almenna reglan sú að safna skuli eftirfarandi flokkum í sér ílát:

Við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli	Sérsöfnun í grenndargáma	Sérsöfnun í nærumhverfi íbúa
Pappír og pappi	Málmur	Spilliefni
Plast	Gler	
Lífúrgangur (garðaúrgangur undanskilinn)	Textíll	
Blandaður úrgangur		

Þó er lagt upp með að hægt sé að veita undanþágu frá meginreglunni um sérstaka söfnun að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Innheimta skal eftir magni og úrgangstegund frá hverri fasteignaeiningu

Á nýju ári verða einnig miklar breytingar á innheimtu fyrir söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs með innleiðingu Borgað þegar Hent Er kerfisins eða BÞHE. Inntak þess er að sá borgi sem mengar og skulu sveitarfélög því innheimta gjald sem m.a. tekur mið af magni og tegund þess úrgangs sem til fellur. Núverandi fyrirkomulag um fast gjald

á hverja fasteign mun því aðeins eiga við að hluta.

Þar sem förgun úrgangs með urðun eða brennslu er oft á tíðum ódýrari farvegur en endurvinnsla hefur löggjafinn heimilað sveitarfélögum að færa innheimtu gjalda á milli úrgangsflokka. Þannig mætti hækka gjald fyrir blandaðan úrgang til þess að lækka

gjald fyrir endurvinnanlegan úrgang. Með þessum hætti yrði til fjárhagslegur hvati fyrir einstaklinga og fyrirtæki til að takmarka úrgangsmýndun eftir fremsta megni og flokka vel.

Þessi grein byggir á grein Bryndísar Gunnlaugsdóttur, lögfræðings, og Eygerðar Margrétardóttur, sérfræðings hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem ber heitið „Hringrásarhagkerfið verður að veruleika“ og er aðgengileg á heimasíðu Sambandsins, samband.is.

Stefán Aspar Stefánsson
Verkefnastjóri umhverfismála

Framsóknarfélag Austur-Skaftfellinga

Almennur félagsfundur

verður haldinn fimmtudaginn
24. mars kl. 20:00 í Viðreisn Víkurbraut 1

Dagskrá:

Framboðslisti fyrir sveitastjórnarkosningar 14. maí n.k.

Önnur mál

Stjórnin

Aðalfundur

Framsóknarfélags Austur-Skaftfellinga verður haldinn 31.
mars kl. 20:00 í Viðreisn Víkurbraut 1.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin



Eystrahorn



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Íbúafundur um skipulagsmál og opið hús í Hrollaugsstöðum

Sveitarfélagið Hornafjörður boðar til íbúafundar **fimmtudaginn 24. mars** vegna skipulagstillagna fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis við Hrollaugsstaði í Suðursveit. Á sama tíma verður íbúum boðið að skoða nýjar leiguíbúðir í gamla skólahúsnæðinu að Hrollaugsstöðum. Opið hús hefst kl. 17:30 og fundur um skipulagsmál hefst í félagsheimilinu kl. 18:00.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Húsgagnaaval

Húsgögn og gjafavörur

Margt fallett og nytsamlegt fyrir fermingarbarnið

Rúm, rúmgafflar, náttborð, rúmföt, lampar, vekjaraklukkur, útvörp speglar ofl í herbergið

Útivist: tjald, svefnpoki, bakpoki og fl.

Úrval af fallettum skartgripum

Opið virka daga frá kl. 13:00-18:00

Símar: 478-2535 / 898-3664



HEFUR ÞÚ HLUSTAÐ Á HLAÐVARP EYSTRAHORNS ?

Hlustaðu á þættina á
www.eystrahorn.is/hladvarp
eða á Spotify



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Íbúafundur og skipulagslýsing Deiliskipulag Útbæ

Vegna beiðna um breytingar á skipulagi í Útbæ boðar sveitarfélagið Hornafjörður til íbúafundar **28. mars n.k. kl 20:00 í Nýheimum**.

Lóðahafar í Útbæ hafa óskað eftir skipulagsbreytingum vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á hótelum og gistingu á svæðinu.



Um er að ræða þrjá aðila og hugmyndir þeirra nokkuð ólíkar og breytingarnar töluverðar. Um er að ræða sameiningu lóða, breytingar á aðkomu og bílastæðum ásamt ósk um þriggja hæða hótél með 226 herbergjum.

Fundurinn er ætlaður til að gefa íbúum yfirsýn yfir breytingarnar og gefa tækifæri á athugasemdum. Framkvæmdaaðilar munu kynna verkefni sín og skipulagsráðgjafar sveitarfélagsins fara yfir þær breytingar sem þarf að gera á gildandi deiliskipulagi útbæjar.

Skipulagslýsingu vegna breytinganna má sjá á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu og gefst öllum tækifæri til að skila inn umsögnum og athugasemdum til **3. apríl 2022** skv. 40.gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundinum verður einnig streymt á vefnum og verður hægt að nálgast tengil á fundinn á heimasíðu sveitarfélagsins þegar nær dregur.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is